

endurgjalds. Unnin skal sérstök áætlun um almannavarnir á Kjalarnesi með það í huga að tryggja sem besta þjónustu sjúkra- og slökkviliðs.

19. **Áhaldahús og vélamiðstöð.** Tryggð skal sambærileg þjónusta og nú er veitt í áhaldahúsinu. Þar verði starfsmaður er sinni ýmsum málum svo sem eftirliti með gámastöð, snjómokstri, hundaeftirliti, búfjárefirliti, og eftirliti með fráveitum og fasteignum sveitarfélagsins á Kjalarnesi.
20. **Menningarmál.** Skólabókasafn og hreppsboðkasafn skulu sameinuð og starfrækt í tengslum við Klébergsskóla og Borgarbókasafn með opnunartíma og lesaðstöðu fyrir almenning.
21. **Félagsheimili.** Í félagsheimilinu Fólkvangi verði skipulagt félags- og tómstundastarf fyrir Kjalnesinga á öllum aldri á vegum íþróttta- og tómstundaráðs borgarinnar. Ungmenna- og íþróttafélagið, UMFK, kvenfélagið, kórar og önnur félög hafi forgang að notkun hússins í samvinnu við aðra eignaraðila, sem eru auk hreppsins, UMFK, Búnaðarfélagið og Kvenfélagið Esja. Framkvæmdar verði nauðsynlegar endurbætur á félagsheimilinu og skulu þær hefjast á yfirstandandi kjörtímabili.
22. **Umhverfismál.** Unnin skal áætlun um umhverfismál á Kjalarnesi er m.a. miði að því að gera svæðið aðgengilegt og eftirsóknarvert fyrir þá sem vilja njóta útivistar, m.a. með skipulagðri skógrækt og með lagningu göngustíga og reiðvega sem tengja saman útivistarsvæði og sams konar útivistartækifæri í nágrannasveitarfélögum. Komi til færslu á urðunarstað Sorpu úr Álfnesi, innan svæðisins, verði það ekki gert nema í sátt við umhverfið og íbúa svæðisins. Unnið verði að áætlun um lagfæringar og uppgræðslu á efnistöðum þar sem efnistöku er hætt. Unnið verði að varðveislu fornminja, viðhaldi gamalla mannvirkja og þjóðleiða, m.a. með enduruppbyggingu Arnarhamars- og Kollafjarðarretta og viðhaldi slóða um Svínaskarð. Sköpuð verði aðstaða fyrir hestamenn í nágrenni þéttbýlisins í Grundarhverfi.
23. **Ferðamál.** Stuðlað verði að framþróun ferðaþjónustu á Kjalarnesi og í tengslum við ferðamálauppbyggingu í Reykjavík.

Samstarfsráði Kjalarness skal falið að vinna að útfærslu þeirra atriða sem að ofan greinir og annarra sem til þess verður vísað eða það tekur til umfjöllunar að eigin frumkvæði.

Verði sameining sveitarfélaganna samþykkt í atkvæðisgreiðslu í báðum sveitarfélögunum skal þegar í stað taka til starfa vinnuhópur, skipaður tveimur fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi, sem skal fjalla um þær framkvæmdir sem nauðsynlegt er að ráðast í á Kjalarnesi á yfirstandandi kjörtímabili og fjármál Kjalarneshrepps. Sveitarstjórnirnar skulu jafnframt sameiginlega fara þess á leit við Alþingi að Kjalarneshreppur verði sameinaður Reykjavíkurborg, sbr. 110. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Kjalarnesi 14. mars 1997

f.h. Kjalarneshrepps

f.h. Reykjavíkurborgar,

með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

SAMKOMULAG

Borgarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Kjalarneshrepps gera með sér svohljóðandi samkomulag:

Aðilar eru sammála um að kannaðir verði með formlegum hætti möguleikar á sameiningu sveitarfélaganna á grundvelli 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Hvor sveitarstjórn skal í marsmánuði 1997 kjósa tvo fulltrúa í samstarfsnefnd um sameininguna og skulu tillögur nefndarinnar ásamt greinargerð aðila um þá hagsmuni sem þær byggjast á lagðar fyrir sveitarstjórnirnar í maímánuði 1997. Geri samstarfsnefndin tillögu um sameiningu sveitarfélaganna skulu umræður um sameiningu fara fram í sveitarstjórnunum í júnímánuði 1997 og kosning um sameininguna í báðum sveitarfélögunum fyrir lok þess mánaðar. Áður en kosið verður um sameininguna skulu niðurstöður nefndarinnar ásamt drögum að aðalskipulagi, samkvæmt lið 3 í eftirfarandi atriðalista kynntar íbúum sveitarfélaganna á opnum borgarafundum.

Aðilar eru sammála um að eftirfarandi atriði skulu lögð til grundvallar í sameiningarviðræðunum:

1. **Heiti.** Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Reykjavík.
2. **Yfirstjórn.** Verði sameining sveitarfélaganna samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða í hvoru sveitarfélagi fyrir sig skulu þau sameinuð að afloknum sameiginlegum sveitarstjórnarkosningum til borgarstjórnar við upphaf næsta kjörtímabils í júnímánuði 1998, enda hafi Alþingi samþykkt lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum 1998 skulu Kjalnesingar kjósa þrjá fulltrúa og þrjá til vara til setu í samstarfsráði Kjalarness en borgarstjórn skipar tvo fulltrúa og tvo til vara til setu í ráðinu. Ráðið skal funda eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði og vera ráðgefandi fyrir borgarstjórn um málefni Kjalarness og sérhagsmuni þess borgarhluta. Fundargerðir ráðsins skulu lagðar fyrir borgarráð/borgarstjórn. Einn fulltrúa Kjalnesinga skal eiga seturétt með málfrelsi og tillögurétti á fundum skipulagsnefndar þegar nefndin fjallar um aðalskipulagsmál Reykjavíkur og deiliskipulagsmál Kjalarness á næsta kjörtímabili. Sameiginleg skólanefnd Klébergsskóla og leikskólans Kátakots skal starfa áfram en samstarfsnefnd um sameiningu skal gera tillögu að skipun hennar sem geri ráð fyrir að samstarfsráð Kjalarness geri tillögu til borgarstjórnar um fulltrúa í skólanefndina, en auk þess skulu sitja í nefndinni fulltrúar Fræðsluráðs Reykjavíkur og stjórnar Dagvistar barna.

3. **Skipulags- byggingar- og gatnamál.** Unnin verði drög að aðalskipulagi fyrir hið sameinaða sveitarfélag í samráði við Skipulagsnefnd Reykjavíkur og Skipulagsnefnd Kjalarneshrepps, og skulu drögin lögð fram og kynnt um leið og tillögur samstarfsnefndarinnar um sameiningu verða lagðar fyrir sveitarstjórnirnar.

Unnið skal að eflingu byggðakjarnans í Grundarhverfi og stefnt að því að þar verði um 500 íbúar árið 2005. Unnið verði að áframhaldandi gatnagerð og séð til þess að framboð verði á íbúða- og atvinnulóðum í tengslum við Grundarhverfi til þess að samnýta sem best þá opinberu uppbyggingu sem átt hefur sér stað. Lóðum á deiliskipulögðum svæðum skal skilað byggingarhæfum með sama hætti og annars

staðar í borginni. Lóðarumsækjendum skal einnig gefinn kostur á stærri íbúðalóðum m.a. í tengslum við atvinnurekstur þeirra eða tómstundir. Lokið skal við gatnagerð í Grundarhverfi með malbikun og gangstéttum. Jörfagrund verði lögð á yfirstandandi kjörtímabili og botngötur út frá Jörfagrund gerðar byggingarhæfar í samræmi við lóðæfirsurn. Innheimta gatnagerðargjalda verði með þeim hætti að húsbyggjendum verði gert sem auðveldast að hefja framkvæmdir.

Kjalarnesið er byggingarsvæði þeirra sem vilja vera í tengslum við náttúruna og skal lögð áhersla á það við skipulag svæðisins, þá skal einnig tekið tillit til þeirra sem vilja búa í dreifðri byggð og þeirra sem stunda landbúnað. Tryggður verði réttur eigenda býla utan deiliskipulagðra svæða til að byggja sér íbúðarhúsnæði og útihús á landi sínu án þess að til umfangsmikillar deiliskipulagsvinnu komi. Samstarfsnefnd um sameiningu skal kanna hvernig stuðla megi að lagningu bundins slitlags á heimreiðar og lýsingu þeirra.

Útvistargötur, göngustígar og reiðvegir verði lagðir á fjölförnum stöðum og tengdir við eigandi mannvirkjum í nágrennasveitarfélögum.

4. **Samgöngumál.** Borgarstjórn skal beita sér fyrir að lagningu "Sundabrautar", um Elliðaárvog, Grafarvog, Geldinganes, Álfsnes og Kollafjörð, verði flýtt frá því sem nú er ráðgert til þess að bæta samgöngur Kjalarness við miðborgina. Tryggðar skulu góðar almenningsgöngur við Kjalarnes og séð til þess að framhaldsskólanemendur á Kjalarnesi eigi kost á skólaakstri.
5. **Félagsþjónusta.** Íbúum Kjalarness skal tryggð sambærileg félagsþjónusta og gerist í öðrum borgarhverfum.
6. **Heilbrigðismál.** Tryggt verði að íbúar Kjalarness eigi aðgang að heilsugæslunni að Reykjalundi.
7. **Hreinlætismál.** Gera skal úttekt á frárennslismálum í dreifbýlinu og unnið að endurbótum ef með þarf í samvinnu við íbúa. Sorphirða verði með sambærilegum hætti og annarsstaðar í borginni. Gámastaður verður áfram staðsettur á Kjalarnesi og um hann svo búið að tryggð verði viðunandi umgengni og að hann trufla ekki umhverfi sitt með foki eða öðrum hætti.
8. **Atvinnumál.** Lögð skal áhersla á uppbyggingu atvinnulífs á Kjalarnesi, í landbúnaði, skógrækt, ferðaþjónustu og almennum iðnaði og skal fyrirtækjum á svæðinu tryggð samkeppnishæf aðstaða. Í samráði við heilbrigðisyfirvöld skal stefnt að því að útibú Sjúkrahúss Reykjavíkur á Arnarholti verði starfrækt áfram sem heilbrigðisstofnun. Starfsleyfi, löggildingar og önnur þau leyfi sem snúa að atvinnustarfsemi gildi áfram í sameinaða sveitarfélaginu. Atvinnuuppbygging á Kjalarnesi sé umhverfisvæn og mengi ekki umhverfi sitt.
9. **Landbúnaðarmál.** Á Kjalarnesi fer fram blómleg landbúnaðarframleiðsla. Tryggja þarf vöxt og viðgang þeirrar atvinnustarfsemi og að hún búi við sambærilegar aðstæður og í öðrum landbúnaðarhéruðum. Sveitarstjórn skal beita sér fyrir að fasteignamat taki mið af landnotkun samkvæmt aðalskipulagi og að fasteignamat bújarða miðist við notkun þeirra til búskapar, þannig að land sem selt er undir skipulagða byggð hækki ekki land sem notað er til landbúnaðar. Komi til sölu landa sem liggja að bújörðum þar sem stundaður er landbúnaður og ákvæði forkaupsréttar

til Reykjavíkurborgar gildir, skal ábúendum gefin kostur á að stækka land sitt til að tryggja viðgang búins.

Upprekstrarlönd á Kjalarnesi eru aðallega í einkaeign og skal eignarréttur landeigenda virtur við nýtingu þeirra.

10. **Leikskólamál.** Leikskólinn Kátakot skal byggður upp og starfræktur með sama hætti og aðrir leikskólar í hinu sameinaða sveitarfélagi en íbúum Kjalarness skal, þegar eftir að sameining hefur verið samþykkt, heimilt að sækja um leikskólapláss á öðrum leikskólum borgarinnar og sitja þar við sama borð og Reykvíkingar. Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna skal láta fara fram könnun á þörf Kjalnesinga fyrir leikskólaþjónustu og skulu ákvarðanir um byggingu nýs leikskóla teknar á grundvelli niðurstöðu könnunarttnar. Sumarið 1998 skal unnið að viðhaldi á leikvelli í Grundarhverfi og leikvöllinum komið í viðunandi horf.
11. **Grunnskólamál.** Klébergsskóli á Kjalarnesi skal starfræktur samkvæmt þeirri stefnu sem honum hefur verið mörkuð og gert ráð fyrir öllum deildum grunnskólans á staðnum. Sérstök sameiginleg skólanefnd starfi við skólann og leikskólann. Sömu reglur skulu gilda um heilsdagsskóla á Kjalarnesi og annarsstaðar í borginni. Haldið verði uppi akstri skólabarna frá öllum sveitaheimilum. Hið sameinaða sveitarfélag yfirtekur samstarfssamning og sameignarsamning við Kjósarhrepp um skólann. Unnið skal að því að skólinn uppfylli reglugerð um lágmarksaðstöðu grunnskóla, samkvæmt reglugerð nr. 519/1996, innan þriggja ára en til þess að svo megi verða þarf að byggja við skólann. Gert skal ráð fyrir að hönnun viðbyggingar fari fram á árinu 1998 og framkvæmdir á árinu 1999. Leiksvæði skólans verði endurbætt og búið við eigandi leiktækjum. Gamla skólahúsinu verði vel við haldið og það nýtt í þágu skólans.
12. **Framhaldsskólar.** Nemendum skal tryggð skólavist í framhaldsskólum Reykjavíkur
13. **Tónlistarskólinn.** Tónlistarskólinn skal starfræktur sem hluti heilsdagsskólans.
14. **Vinnuskólinn.** Börn á Kjalarnesi skulu frá og með sumrinu 1998 eiga kost á störfum í Vinnuskóla Reykjavíkur. Starfi nemendur utan síns heimasvæðis þá verði þeim séð fyrir akstri eins og í öðrum hverfum borgarinnar.
15. **Æskulýðs- og íþróttamál.** Íþróttamannvirki á Kjalarnesi, íþróttahús og sundlaug skulu rekin með sambærilegum hætti og verið hefur. Opnunartími verði með sama hætti og annarsstaðar í borginni. Lokið verði frágangi utanhúss við íþróttahúsið og komið upp góðu íþróttasvæði með sparkvelli og körfuboltaaðstöðu.
16. **Orkumál.** Unnin skal áætlun um frekari lagningu hitaveitu um Kjalarnes en orkukostnaður niðurgreiddur til íbúa þeirra lögbýla sem ekki eiga kost á hitaveitu, þannig að orkukostnaður sé hliðstæður við það sem hann er á hitaveitusvæðum í borginni.
17. **Vatnsveita.** Gerð verði sérstök úttekt á vatnsveitumálum með tilliti til brunavarna, nýtingar og mengunarvarna. Tryggt verði að íbúar í dreifðri byggð eigi ávallt aðgang að nægjanlegu vatni.
18. **Brunamál og almannavarnir.** Slökkviliðið í Reykjavík yfirtaki Slökkviliðið Kjalarness. Björgunarsveitin Kjölur skal áfram hafa til umráða núverandi aðstöðu án